



Áhættumat í vinnuskóla sameinaðs sveitarfélags.

Skv. 5. grein reglugerðar vinnueftirlitsins um vinnu barna og unglinga.

Flokksstjórar sem ráðnir eru í Vinnuskóla Garðs fá sem nemur 6 tímum í fræðslu til að takast á við verkefni sumarsins. Námið felst í skyndihjálp og stjórnunarnámskeiði. Stefnt er á að bæta við námskeiði í líkamsbeitingu og öryggisnámskeiði.

Markmið númer eitt hjá stjórnendum og starfsmönnum vinnuskóla er að allir fari heilir heim í lok hvers vinnudags !og hana nú !

Öryggi búnaður og umgengni.

1. Vinnuskólabílar og vinnutæki.

Bílstjórar bera ábyrgð á ökutæki og brot á almennum umferðalögum er á ábyrgð bílstjóra.

Vinnuskólabílar eru útbúnir með öryggisbeltum og skyldi alltaf nota beltin þegar krakkar eru ferjaðir.

Einnig skal virða reglur um hámarksfjölda farþega í bílum. Ekki skal nota einkabifreiðar flokksstjóra til flutnings starfsmanna í vinnuskóla.

Aðkeyptir langferðabílar vegna félagsmála/ferðalaga vinnuskóla, eru í öllum tilfellum búnir beltum.

Vinnuvélar – dráttavélar: Unglingar eru ekki í neinum tilvikum undir stjórn vinnuvéla né farþegar í slíkum tækjum. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi og réttindi mega stjórna slíkum tækjum.

2. Garðvinnuáhöld og umgengni.

Flokksstjórar kenna beitingu áhalda og fá fræðslu um þau og líkmasbeitingu frá viðurkenndum aðilum í vinnuvernd. Flokksstjórar gæta þess sérstaklega að ekki sé farið óvarlega með áhöld í starfi og leik.

Flokkstjórum er gert að draga úr álagi og einhæfi starfa með,

- Gefa nemendum kost á að flytja sig á milli áhalda og starfsstöðva eins og frekast kostur er.
- Stuttum hvíldum og leik. Þetta á aðeins við um ef að um erfiðisvinnu er að ræða.

Garðvinnuáhöld eru yfirfarin reglulega . Biluð og brotin áhöld fjarlægð eða send til viðgerðar Flokksstjórar hafa einnig eftirlit með þessu.

Gengið er út frá þeirri reglu að hámarksþyngd í hjólbörum sé ekki yfir eigin þyngd barna og unglinga sem vinna með þær. Almenna reglan er að unglingar mega ekki lyfta og vinna að jafnaði með þyngdir yfir 12 kg. og lyfta að hámarki 25 kg. Taka skal tillit til líkamsþroska þeirra.

Hættur í umhverfi.

3. Vinnuumhverfi og varnir.

Flokksstjórar ganga úr skugga um öryggi vinnusvæðis hverju sinni. Tekið er tillit til eftirfarandi þátta.

Umferðar og nálægðar við umferð. Skimað eftir ummerkjum um óheilnæmt sorp, sprautunálar, vökva, glerbrot og aðra torkennilega hluti eða hættu sem skaðað gæti þá sem vinna.

Sé vinnuflokkur að störfum í og við stofnbraut í þéttbýli þar sem hámarkshraði er yfir 40km/klst. er regla vinnuskólans að auðkenna ungmenni með þar til gerðum einkennisvestum og setja upp viðvörðunarskilti.

Öllum nemendum er gert skylt að nota hlífar við gróður – og moldarvinnu í beðum.

Flokkstjórar gæta að varúðarmerkingum og skyldi aldrei vinna í trjáreitum þar sem nýlega hefur verið úðað með skordýraeitri.

Flokksstjórar gæta að veðurfarslegum hættum vegna foks, sólbruna eða kulda.

Flokksstjóri skal í öllum tilfellum fjarlægja hnífa, eldfæri eða vopn af einhverju tagi af krökkum og koma til yfirmanns vinnuskóla. Gera skal foreldrum viðvart og aðeins afhenda þeim það sem fjarlæggt var.

Flokksstjórar huga að því að hafa meðferðis sólarvörn sem þeir geta miðlað til nemenda og mæla með húfunotkun til varnar sólbruna.

Slys: Fyrirbyggjandi.

Flokkstjórar skulu fá undirstöðufræðslu í skyndihjálpi. Skyndihjálpartaska skal vera í áhaldahúsi og í öllum bílum vinnuskóla. Alltaf skyldi fara með slasaða á heilsugæslu til aðhlyningar eins fljótt og kostur er og hafa um leið samband við forráðamann.

Gerð er sérstök skýrsla til vinnueftirlitsins ef vinnuslys á sér stað. VÍS

Ferðalög:

Þegar farið er í dagsferðir á vinnutíma skal upplýsa forráðamenn upplýstir um tilgang og tilhögun ferðar og kalla eftir skriflegu samþykki þeirra.

Sértækari störf unglinga:

Gilda öll almenn ákvæði hér að framan.

Eftirfarandi viðmið eru sett fram á grundvelli þekkingar á sértækum störfum nemenda í stofnunum bæjarins og hjá þeim félagasamtökum sem þiggja starfsaðstoð nemenda vinnuskóla.

Ekki má gera nemendur eina ábyrga fyrir umsjón barna við leik eða í gæslu.

Vinnuhæð:

Unglingar vinni ekki ofar en í 2ja metra hæð í vinnuþöllum eða lausum stigum.

Áhöld og verkfæri:

Ekki er gert ráð fyrir að unnið sé með áhöld og efni sem krefjast sérþekkingar.

Almennt viðmið er að ekki séu notuð önnur áhöld en þau sem notuð eru við kennslu í smíði, hannyrðum, matreiðslu á grunnskólastigi og þá undir eftirlit fullorðinna.

Unglingar starfa í engum tilfellum við rafknúna vélsagir, eða önnur aflmikil rafmangs- eða loftverfæri sem hætta stafar af.

Innistörf:

Leggja skal til rykgrímur þar sem minnsti vottur er um rykmettuð loft við tiltekt í geymslum, sópun gólfa, þar sem aðstoðað er við endurnýjun bygginga.

Málning, sýrur og basar:

Gæta skal sérstaklega að varúðarflokkuðu hreinsiefni og málningar.

Miða skal við að málning sé umhverfisvæn og fari ekki yfir varúðarflokk 00-01, og nemendur vinni ekki með sterk ætandi hreinsiefni.

Sundstaðir:

Nemendur mega ekki umgangast óþynntan klór og klórtæki.

Leikvellir / knattspyrnuvellir:

Nemendur 15 og 16 ára mega aðeins nota handsláttuvélar og handvélorf og séu búnir með öryggisskó, öryggisgleraugu og heyrnahlífar.

Smíðavöllur:

Vinna við niðurrif á timbri og naglahreinsun. Nemendum eru lagðir til sérstakir öryggisskór og vinnuhanskar og fræðslu um öryggi leikvalla.

Reiðnámskeið:

Þeir sem ráðnir eru til starfi við reiðnámskeið er skylt að nota í öllum tilfellum viðurkennda reiðhjálma þegar farið er á hestbak.

Undantekningar og álitamál:

Komi upp í einhverjum tilfellum ástæða til að gera undantekningar frá ofangreindum viðmiðum og reglum í áhættumati vinnuskóla skal afla samþykkis forráðamanna og yfirmanna vinnuskólans.